

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 9. maí 2023

Viktor Jens Vigfússon

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir.

Starfsárið 2022 var annasamt líkt og búast mátti við. Löngu og ströngu ferli, sem hófst árið 2018 með útboði á nýju bókasafnskerfi, lauk á árinu þar sem gömlu kerfunum var skipt út fyrir ný. Fyrri hluta ársins voru eldri kerfin enn í notkun, en nýju kerfin fóru í rekstur um mitt ár. Þá tók við í senn krefjandi og lærdómsríkur tími hjá félaginu og viðskiptavinum.

Þetta er búið að vera viðamikið verkefni, enda um að ræða vinnutæki starfsfólks í um 300 bókasöfnum í landinu. Því fór fjarri að verkefnið væri einungis tæknilegs eðlis. Gríðarmikil þekkingaryfirfærsla þurfti að eiga sér stað og var skipulag og framkvæmd hennar að miklu leiti í höndum starfsfólks félagsins. Víða voru agnúar á nýja kerfinu sem kölluðu á skilning og gott samstarf. Þjónustuþörf var mjög mikil, en þarfir safnanna voru breytilegar eftir stærð og eðli hvers safns. Ólíkar aðstæður gerðu það að verkum að starfsfólk þeirra var misvel í sveit sett til að tileinka sér nýjungarnar. Það var krefjandi að sinna öllu í senn, kennslu og leiðsögn, leysa úr þjónustuerindum og greina kerfisleg vandamál, auk þess að þróa kerfisviðbætur og horfa til framtíðar.

Ársreikningur 2022

Liðið ár var tími mikilla breytinga í starfsemi félagsins og sér þess glögglega merki í ársreikningi. Tap varð á rekstri félagsins á árinu sem nemur um 8,1 m.kr. samanborið við 0,8 m.kr. hagnað á árinu 2021. Þetta er heldur lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Félagið hafði um árábil safnað í sjóð til að geta mætt kerfisskiptum og á þá fjármuni var gengið á árinu líkt og ráð var fyrir gert.

Rekstrartekjur samanstanda af seldri þjónustu til bókasafna, sem eru að stærstum hluta í eigu ríkisstofnana og sveitarfélaga, og öðrum tekjum. Rekstrartekjur á árinu 2022 voru 195,7 m.kr. en voru 188,4 m.kr. á árinu áður sem nemur um 3,7% aukningu.

Rekstrargjöld ársins 2022 voru 210,1 m.kr. en voru 188,4 m.kr. á árinu áður og hækka því um 11,5% á milli ára. Rekstrargjöld, önnur en laun og þjónustusamningar vegna hugbúnaðar, námu um 54,7 m.kr. og hækka um 9,1%.

Meðalfjöldi ársverka hjá félaginu á árinu var 8,7 og stöðugildi í árslok 9,7 talsins en voru 8 árinu áður. Launakostnaður nam alls 111,4 m.kr. og hækkar um 15,6% á milli ára.

Ekki urðu breytingar á hlutfé félagsins á árinu en það er 147,6 m.kr.

Handbært fé nam 144,2 m.kr. í árslok og lækkar um rúmar 40 m.kr. frá fyrra ári.

Óefnislegar eignir hækkuðu um 27,4 m.kr. á árinu vegna fjárfestinga í nýjum hugbúnaði og eru í lok árs 58,5 m.kr. Nýja bókasafnskerfið var tekið í notkun um mitt árið og hefjast þá afskriftir. Gert er ráð fyrir að kerfið sé afskrifað á átta árum sem svarar til samningstíma þess. Eldri kerfi voru tekin úr notkun og afskrifuð að fullu.

Eigið fé Landskerfisins var 203,5 m.kr. í lok ársins en skuldir voru 26,2 m.kr. Eignir félagsins voru 229,7 m.kr. Eiginfjárhlutfall í árslok var 88,6% og veltufjárhlutfall var 6,5.

Ársreikningur félagsins var unninn af Fjárstoð ehf. en Ríkisendurskoðun sá um endurskoðun.

Eignarhald og stjórnun

Ekki bættust við nýir hluthafar á árinu 2022. Þeir voru 53 í árslok og fækkaði um einn frá upphafi árs vegna sameiningar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Á árinu varð sú breyting að Landskerfi bókasafna hf. líkt og nokkur ríkisfyrirtæki fékk nýja flokkun samkvæmt hagskýrslustaðli og var flokkað í A3-hluta ríkissjóðs í stað C-hluta. Þessu fylgdi sú breyting að Landskerfið þarf nú að skila áætlunum til birtingar í fjárlagafrumvarpi líkt og tíðkast með A3-hluta félög.

Stjórn Landskerfis bókasafna var endurkjörin á aðalfundi sem haldinn var í júní 2022. Á fundinum var samþykkt 4% hækkun á þóknun stjórnar. Stjórnin hélt 9 fundi á liðnu starfsári.

Gjaldskrá

Breytingar urðu á gjaldskrá félagsins í upphafi ársins 2022 líkt og sagt var frá á síðasta aðalfundi. Tilgangurinn var sá að samræma viðmið á milli ríkis- og sveitarfélagasafna. Gjaldskráin breytist nú árlega í takti við breytingar á bæði neysluverðsvísitölu og íbúafjölda. Gjaldskrárhækkun frá 1.1.2022 var 5,6%.

Starfsmannamál

Þrír nýir starfsmenn hófu störf hjá félaginu á árinu. Tveir þeirra hófu störf í marsmánuði og sinna forritun, kennslu og þjónustu á vettvangi nýrra bókasafnakerfa. Sarpur fékk liðsauka í október er þriðji starfsmaðurinn tók til starfa. Hann er á launaskrá Landskerfisins en Rekstrarfélag Sarps greiðir launakostnað hans. Rekstrarfélagið fékk öndvegissstyrk úr safnasjóði í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur til að greiða helming launakostnaðar nýs starfsmanns til þriggja ára.

Innleiðing og rekstur nýrra kerfa

Félagið rekur Gegni sem er bókasafnskerfi rekið á landsvísu, leitargáttina leitir.is, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, en síðastnefnda kerfið var smíðað fyrir og er í eigu Rekstrarfélags Sarps.

Á starfsárinu urðu breytingar á hugbúnaði sem bókasafnakerfin byggja á er teknar voru í notkun skýjalausnirnar Alma og Primo frá Ex Libris sem nú er hluti Clarivate samsteypunnar.

Um er að ræða svokallaða hugbúnaðarþjónustu (e. SaaS – Software as a Service), þ.e. leigður er aðgangur að kerfunum sem eru hýst í gagnaveri Ex Libris í Frankfurt í Þýskalandi. Samningurinn er til 8 ára með möguleika á framlengingu um önnur 4 ár þannig að samnings-tími gæti teygst sig í 12 ár ef áhugi verður á því.

Nýi Gegnir (Alma) var opnaður 13. júní og nýjar Leitir (Primo) degi síðar að undangengnum miklum undirbúningi. Kerfin fóru strax í almenna notkun í almenningubókasöfnum og á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni sem tók mjög virkan þátt í innleiðingarvinnunni. Önnur söfn biðu mörg haustsins. Sumarvinna Landskerfsins fólst í því að þjónusta söfnin sem voru að nota kerfin og gera allt klárt fyrir haustið þegar skólasöfnin bættust í hópinn.

Ýmislegt kom upp á á leiðinni og margt sem enn þarf að bæta en heilt yfir hefur gengið ljómandi vel. Þyngstur var róðurinn hjá grunnskóla- og almenningubókasöfnum en háskólasöfnin plummudu sig vel. Aðfangafærlið var flókið, útprentun límmiða gekk ekki vel og sjálfsafgreiðsluvefur fyrir börn og kennara í grunnskólum var ekki tilbúinn svo nokkuð sé nefnt. Íþyngjandi var kerfislegur hægagangur við tengingu nýrra bóka í jólabókaflóðinu og erfiðleikar lánþega við að taka þær frá. Meðal þess sem enn er í vinnslu er almennur hægagangur í kerfinu og vandamál tengd beiðnum. Mikil vinna hefur farið í að slípa ýmis bréf, tilkynningar og lista af ýmsum toga en þó er þar enn nokkuð verk að vinna. Sama máli gegnir um kerfistillingar og leiðréttingar á gögnum.

Þróunarverkefni á árinu voru nokkur. Landskerfið forritaði nýja útgáfu af smáforritinu Spinomatic sem notað er við útprentun límmiða úr Gegni. Jafnframt hannaði og forritaði Landskerfið sérstakan útlánavef fyrir grunnskóla þar sem nemendur og kennarar geta sjálfið fengið bækur lánaðar og skilað þeim. Seinni hluta ársins var framhaldið vinnu við stafræn bókasafnakort í síma í samvinnu við SmartSolutions og sér nú fyrir endann á þeirri vinnu.

Einn mælikvarði til að meta umfang þjónustu við viðskiptavini eru innsend þjónustuerindi. Í janúar síðastliðnum bárust félaginu um 70% fleiri verkbeiðnir en á sama tíma 2022. Verkbeiðnir í júní 2022 nánast fimmfölduðust miðað við sama tíma árið á undan. Tvöföldun varð á verkbeiðnum í ágúst á milli ára. Þetta er annars vegar sá mánuður þegar nýja kerfið var tekið í notkun og hins vegar mánuðurinn þegar grunnskólarnir hófu störf að afloknu sumarleyfi.

Samstarfið við kerfisframleiðandann Ex Libris hefur verið gott og hefur hann lagt sig fram við að aðstoða eftir fremstu getu. Þar á bæ er skilningur á að enn þarf að gera bragarbót á ýmsu. Þannig er hljómgrunnur fyrir því að ráðast í stefnumótandi vinnu í þeim tilgangi að bæta út nokkrum atriðum svo kerfið þjóni betur þörfum almenningu- og grunnskólabókasafna. Þetta varðar leit og leitarniðurstöður, einföldun verkferla – einkanlega varðandi útlán og skil, möguleika á einföldu skráningarviðmóti og síðast en ekki síst hægagangi. Þessi vinna er hafin.

Kennsla á nýja Gegni

Það var þrekvirkni að aðstoða og kenna starfsfólki safnanna á nýja Gegni. Leitast var við að bjóða upp á sem fjölbreyttastar miðlunarleiðir, s.s. leiðbeiningar, kennslumyndbönd,

vefkennslu og vinnufundi. Kennslumyndböndin voru nýmæli hjá félaginu og mæltust vel fyrir.


Á tímabilinu frá maí 2022 til byrjun mars 2023 hafa um 2.500 manns sótt alls 160 námskeið sem félagið hefur staðið fyrir. Flesta námskeiðsdaga var boðið upp á tvö námskeið á dag að jafnaði fjóra daga í viku. Oft á tíðum kom sama fólkið endurtekið á samskonar námskeið. Því miður voru brögð að því að starfsfólk mætti ekki á námskeið sem það hafði skráð sig á sem olli óþarfa álagi á þjónustuborðið. Þrátt fyrir öll þessi námskeið þurfti gjarnan áframhaldandi einstaklingsaðstoð í síma eða á fjarfundum.

Flest öll námskeiðin voru kennd á vefnum. Í grunninn var lagt upp með þrjú skyldunámskeið sem kölluðust *Grunnkynning – forsíða og leit*, *Útlán og lánþegaþjónustur* og *Ný aðföng á safni*. Auk þess voru fjölbreytt ítarnámskeið.

Einnig var boðið upp á stuðningsnámskeið í kjölfar námskeiðanna til að aðstoða og leysa úr vandamálum við fyrstu skrefin í nýja Gegni. Reynt var eftir fremsta megi að bjóða upp á námskeið eftir markhópum, þ.e.a.s. fyrir starfsfólk grunnskólasafna, framhaldskólasafna, almenningsbókasafna eða háskólasafna.



Kennslan skiptist í tvö tímabil. Þar sem nýi Gegni var opnaður um miðjan júní þegar flestir skólar voru komnir í fríi var ákveðið að byrja á að kenna starfsfólki almenningsbókasafna en bíða með skólana og önnur söfn þar til eftir miðjan ágúst, sjá línurit um dreifingu námskeiða eftir mánuðum.



Ekki var nóg að bjóða upp á vefnámskeið, það var einnig þörf fyrir meiri nálægð og samtal. Í lok september var því haldið í langferð um landið og haldnir samráðs- og fræðslufundir á Stykkishólmi, Sauðarkróki, Akureyri og Egilsstöðum. Seinna um haustið voru samráðsfundir á höfuðborgarsvæðinu ásamt heimsóknunum í Árborg og Reykjanesbæ.

Lærdómurinn af þessari kennsluherferð er að besta nálgunin fyrir starfsfólk bókasafna til að ná færni í kerfinu er sambland af vefnámskeiðum og vinnufundum. Næsta haust verður því aðaláhersla í kennslu á vinnufundi með söfnum eða safnahópum þar sem unnið verður að lausn fyrirfram skilgreindra viðfangsefna.


Tölfræði Gagnis

Lykiltölur fyrir Gegni drógust saman á milli áronna 2021 og 2022. Fækkun í titlum og eintökum má aðallega rekja til yfirfærslu úr eldra kerfi í nýjan Gegni og tiltektarverkefna hjá söfnum. Samdráttur í útlánnum er af margslungnum félags- og kerfislegum toga. Allar tölfræðivinnslur varð að vinna frá grunni í nýja kerfinu en auk árslokátölfræði fyrir 2022 er búið að vinna mánaðarlega tölfræði fyrir söfnin. Allar tölfræðiskýrslur eru aðgengilegar í nýja Gegni en ekki á vef Landskerfis eins og áður. Helstu lykiltölur eru:

Flokkur	2022	2021	Breyting
Útlán	2.405.307	2.767.414	-13,1%
Eintök	5.787.288	5.847.255	-1,0%
Titlar	1.223.074	1.269.424	-3,7%

Lánþegarnir eru ekki taldir því að forsendur fyrir talningu lánþega eru ekki þær sömu í nýja Gegni og voru í þeim gamla.

Hérna má sjá línurit sem sýnir fjölda útlána efir mánuðum 2018 – 2022.



Tölfræði Gagnis er verkefni í þróun, enn á eftir að útbúa fjölmargar skýrslur, útbúa topplista fyrir vinsælustu titlana og finna lausn á ýmsum vandamálum. Loks er útistandandi að taka saman heildarupplýsingar um Gegni, skrifa skýringar og greinargerð um tölfræðivinnsluna.

Útlánnum í Rafbókasafninu fækkar lítillega á milli ára, voru 25.422 árið 2022 en 27.329 árið á undan (-7,0%).

Rekstrarfélag Sarps

Til tíðinda dró á árinu er Ríkiskaup auglýstu 30. nóvember útboð á ESS um arftaka Sarps 3, að undangenginni umfangsmikilli undirbúningsvinnu, einkum við gerð kröfulýsingar, en hana unnu starfsmenn Landskerfisins í samvinnu við ráðgjafa. Sex fyrirtæki sendu inn tilboð og fóru þrjú þeirra áfram til frekari skoðunar. Að því loknu lögðu Ríkiskaup til að tilboð Zetcom GmbH yrði valið enda hefði það verið metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt valforsendum útboðslýsingar. Tilboðinu var tekið 25. apríl síðastliðinn. Næst er að ganga frá samningi á milli Rekstrarfélagsins og Zetcom. Rekstrarfélag Sarps naut góðs af þeirri reynslu sem byggðist upp hjá starfsmönnum Landskerfisins er bókasafnakerfið var boðið út og má gera ráð fyrir að svo verði áfram í innleiðingu MuseumPlus kerfisins frá Zetcom sem verður hinn nýi Sarpur.

Stofnkostnaður við innleiðingu nýja Sarps verður að miklu leyti greiddur af styrk úr Innviðasjóði sem Rekstrarfélagið fékk úthlutað í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) við Háskóla Íslands.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra kom í heimsókn 1. desember og fékk kynningu á Sarpi og þeirri starfsemi sem sinnt er hjá Landskerfinu.

Lokaorð

Eins og hér hefur komið fram einkenndist starfsárið 2022 af vinnu við ný bókasafnakerfi Gegnir og leitir.is og undirbúningi útboðs vegna Sarps. Eftir að nýju kerfin voru gangsett tók við umfangsmikil leiðsögn til starfsmanna bókasafna í formi kennslu og þjónustu, auk þess sem þróa þurfti ýmsar viðbætur við kerfin og láta framkvæma lagfæringar. Verkefnið var krefjandi fyrir bæði starfsmenn Landskerfisins og bókasafnanna sem og kerfisframleiðandann Ex Libris og álag mikið. Nú stendur yfir vinna með Ex Libris þar sem sjónum er beint að því hvernig laga megi bókasafnakerfið betur að þörfum grunnskóla- og almenningsbókasafna.

Landskerfið telur að í heildina hafi vel tekist til við innleiðinguna þótt vissulega hefði ýmislegt mátt ganga betur og vera auðveldara í ferlinu.

Fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna færi ég öllum sem komu að verkefninu kærar þakkir fyrir þeirra framlag, starfsfólki bókasafna fyrir alla veitta aðstoð og þolinmæði á breytingatímum, öðrum sem lögðu hönd á plóg og síðast en ekki síst starfsfólki Landskerfis fyrir alla þeirra miklu vinnu, alúð og þrautseigju. Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra færi ég sérstakar þakkir fyrir að halda vel utan um alla þræði í verkefninu sem og rekstri félagsins og stýra því af röggsemi, auk góðrar upplýsingagjafar til okkar í stjórn. Ég óska Landkerfi velfarnaðar við áframhaldandi umbætur á kerfinu og þróun öflugrar þjónustu til bókasafna og annarra viðskiptavina. Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum, Árna Konráð Bjarnasyni, Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur og Pálínu Magnúsdóttur ánægjulegt og faglegt samstarf.